

REGLUGERÐ

um (8.) breytingu á reglugerð nr. 74/2002 um lífræna landbúnaðarframleiðslu og merkingar.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í XII. kafla, II. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli eftirtalinna ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar öðlast eftirfarandi EB-gerðir gildi hér á landi:

Reglugerð framkvæmdastjórnar (EB) nr. 1452/2003 frá 14. ágúst 2003 um að viðhalda undanþágunni, sem kveðið er á um í a-lið 3. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2092/91 að því er varðar tilteknar tegundir fræs og plöntufjölgunarefnis, og að mæla fyrir um reglur um málsmeðferð og viðmiðanir varðandi þá undanþágu. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 77/2005 frá 11. júní 2005.

Reglugerð framkvæmdastjórnar (EB) nr. 1851/2006 frá 14. desember 2006 um breytingu á I. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 að því er varðar notkun hefðbundins fódurs á tímabilum þegar farið er milli bithaga. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 78/2007 frá 7. júlí 2007.

Reglugerð framkvæmdastjórnar (EB) nr. 394/2007 frá 12. apríl 2007 um breytingu á I. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 104/2007 frá 29. september 2007.

2. gr.

Ofangreindar reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar eru birtar sem fylgiskjöl við reglugerð þessa.

3. gr.

- a. Með innleiðingu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1452/2003 eru tíma-
mörk undanþágu sem kveðið er á um í a-lið, 3. töluliðar 6. gr. reglugerðar nr. 74/2002
framlengd. Jafnframt er kveðið á um reglur um málsmeðferð og viðmiðanir vegna
útgáfu undanþáguheimilda samkvæmt a-lið, 3. töluliðar 6. gr.
- b. Með innleiðingu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1851/2006 bætist við
4. tölulið – Fóður, B-hluta, I. viðauka, reglugerðar nr. 74/2002, nýtt ákvæði svohljóðandi:
4.19
Þrátt fyrir lið 4.13 mega farbeitardýr bíta í venjulegum högum á tímabilum þegar þau
eru færð frá einu beitilandi yfir á annað. Inntaka hefðbundins fódurs í formi grass og
annars gróðurs, sem dýrin bíta á þessu tímabili, skal ekki fara yfir 10% af
heildarhlutfalli fódurs á ári. Þessa tölu skal reikna sem hundraðshluta af þurrefni
fódurs sem er framleitt úr landbúnaðarafurðum.
- c. Með innleiðingu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 394/2007, breytast
ákvæði X. viðauka, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 74/2002, í samræmi við viðauka reglu-
gerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 394/2007.

Nr. 951

24. september 2008

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 6. gr. laga nr. 162/1994 um lífræna landbúnaðarframleiðslu. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 24. september 2008.

F. h. r.

Sigurgeir Þorgeirsson.

Baldur P. Erlingsson.

Fylgiskjal I.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1452/2003**

frá 14. ágúst 2003

um að viðhalda undanþágunni, sem kveðið er á um í a-lið 3. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2092/91 að því er varðar tilteknar tegundir fræs og plöntufjölgunarefnis, og að mæla fyrir um reglur um málsmeðferð og viðmiðanir varðandi þá undanþágu

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 frá 24. júní 1991 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 599/2003⁽²⁾, einkum öðrum og þriðja undirliði í b-lið 3. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 3. mgr. 6. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91 er kveðið á um undanþágu sem heimilar aðildarríkjunum að leyfa notkun, í lífrænu framleiðslunni, á fræi og plöntufjölgunarefni, sem eru ekki framleidd samkvæmt lífrænu framleiðsluáðferðinni, á aðlögunartímabili sem lýkur 31. desember 2003 ef framleiðendum er ókleift að afla fjölgunarefnis sem framleitt er samkvæmt lífrænu framleiðsluáðferðinni.
- 2) Samkvæmt ákvæðum 3. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91 gildir einnig önnur löggjöf Bandalagsins sem varðar fræ og plöntufjölgunarefni.
- 3) Í lífrænum búskap er það mikilvæg meginregla að viðhalda líffræðilegri fjölbreytni og því skal tryggt að bændur hafi nóg af ræktunarafríðum og yrkjum til að velja úr, þ.m.t. staðbundin ræktunarafríði og yrki.
- 4) Ljóst er að ekki verður til nægilegt magn af lífrænt framleiddu fræi og plöntufjölgunarefni eftir 31. desember 2003 fyrir ákveðnar tegundir sem eru ræktaðar innan Bandalagsins.
- 5) Því er nauðsynlegt að viðhalda þeim möguleika að nota fræ og plöntufjölgunarefni, sem ekki eru framleidd samkvæmt lífrænu framleiðsluáðferðinni, ef ekki er hægt að afla fræs eða plöntufjölgunarefnis sem eru framleidd samkvæmt lífrænu framleiðsluáðferðinni.

- 6) Fræ eða plöntufjölgunarefni, sem ekki eru framleidd samkvæmt lífrænu framleiðsluáðferðinni, skal ekki vera hægt að nota að því er varðar tegundir þar sem nægilegt magn af lífrænt framleiddu fræi eða plöntufjölgunarefni af nægilegum fjölda yrkja verður til í framtíðinni. Því skal útbúa skrá yfir tegundir sem eru undanskildar gildissviði undanþágunnar.
- 7) Aðildarríkin skulu hafa frjálsar hendur við að beita undanþágunni að því er varðar plöntufjölgunarefni, að útsæðiskartöflum undanskildum, uns hægt verður að samþykkja viðeigandi viðmið á vettvangi Bandalagsins.
- 8) Mikilvægt er að gera framboð og eftirspurn eftir fræi og plöntufjölgunarefni, sem framleidd eru samkvæmt lífrænu framleiðsluáðferðinni, gagnsærri til að stuðla að aukinni framleiðslu og notkun á fræi og plöntufjölgunarefni sem eru framleidd samkvæmt þessari aðferð.
- 9) Hvert aðildarríki skal því sjá til þess að gagnagrunni, þar sem hægt verður að skrá fræ og útsæðiskartöflur, sem framleidd eru með lífrænu framleiðsluáðferðinni og uppfylla almennu viðmiðanirnar fyrir framleiðslu á fræi og plöntufjölgunarefni, sé komið á fót og hann gerður aðgengilegur notendum. Í þessu samhengi og til að auðvelda aðgang að upplýsingum er við hæfi að þróa samræmda fyrirmynd að skráningareyðublaði sem fræbirgjar skulu nota til að skrá fræ og útsæðiskartöflur í gagnagrunnana.
- 10) Hvert aðildarríki skal sjá til þess að birt sé skýrsla um leyfin sem það hefur veitt til upplýsingar öllum hagsmunaaðilum, aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni.
- 11) Endurskoða skal kerfið vandlega eftir tveggja ára reynslu af því til þess að meta að hve miklu leyti bændur hafa notað lífrænt framleitt fræ og plöntufjölgunarefni. Í þessu samhengi skal framkvæmdastjórnin meta möguleikann á myndun gagnagrunns á vettvangi Bandalagsins.
- 12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót í samræmi við 14. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91.

⁽¹⁾ Stjótt. EB L 198, 22.7.1991, bls. 1.⁽²⁾ Stjótt. ESB L 85, 2.4.2003, bls. 15.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA

I. KAFLI

ALMENNAR REGLUR

1. gr.

Viðhald undanþágunnar

1. Undanþágunni, sem kveðið er á um í a-lið 3. mgr. 6. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91, um að aðildarríkjnum sé heimilt að leyfa notkun fræs og plöntufjölgunarefnis, sem eru ekki framleidd samkvæmt lífrænu framleiðsluáðferðinni, með fyrirvara um skilyrðin sem sett eru fram í þeirri grein, er viðhaldið eftir 31. desember 2003 að því er varðar tegundir sem ekki eru taldar upp í viðaukanum við þessa reglugerð.

Í 3.–14. gr. eru málsmeðferðarreglur og viðmiðanir settar fram vegna beitingar undanþágunnar að því er varðar fræ og útsæðiskartöflur sem um getur í fyrstu undirgrein.

2. Í viðaukanum við þessa reglugerð eru tilgreindar þær tegundir sem viðurkennt er, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 14. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91, að til sé nógu mikið magn lífræns framleidds fræs eða útsæðiskartaflna af verulegum fjölda yrkja alls staðar í Bandalaginu.

Ekki er hægt að veita leyfi samkvæmt undanþágunni, sem um getur í 1. mgr., fyrir tegundunum sem taldar eru upp í viðaukanum nema það sé réttlætt á grundvelli einnar af þeim ástæðum sem um getur í d-lið 1. mgr. 5. gr.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking hugtaka sem hér segir:

- a) skilgreiningarnar í reglugerð (EBE) nr. 2092/91 gilda,
- b) „birgir“: rekstraraðili sem selur öðrum rekstraraðilum fræ eða útsæðiskartöflur.

II. KAFLI

BEITING UNÐANÞÁGUNNAR

3. gr.

Notkun fræs eða útsæðiskartaflna sem ekki eru framleiddar samkvæmt lífrænu framleiðsluáðferðinni

Aðildarríkin geta, samkvæmt málsmeðferðinni sem er sett fram í 5. gr., heimilað notkun fræs eða útsæðiskartaflna, sem ekki eru framleiddar samkvæmt lífrænu framleiðsluáðferðinni, að því tilskildu að fræið eða útsæðiskartöflurnar séu:

- a) ekki meðhöndlaðar með öðrum plöntuvarnarefnum en þeim sem eru viðurkennd til að meðhöndla fræ í B-hluta II. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91 nema lögbær yfirvöld aðildarríkis hafi fyrirskipað, með tilliti til

plöntuheilbrigðis, efnameðhöndlun, í samræmi við tilskipun ráðsins 2000/29/EB⁽¹⁾, á öllum yrkjum tiltekinnar tegundar á því svæði þar sem nota á fræ eða útsæðiskartöflur, og

- b) framleiddar án þess að notaðar séu erfðabreyttar lífverur og/eða nokkrar afurðir úr slíkum lífverum.

4. gr.

Eftirlitsyfirvöld eða aðilar sem bera ábyrgð á veitingu leyfa

Eftirlitsyfirvöld eða aðilar, sem um getur í 9. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91, bera ábyrgð á að veita leyfið, sem um getur í 5. gr. þessarar reglugerðar, nema aðildarríki tilnefni önnur yfirvöld eða aðila sem viðkomandi aðildarríki hefur eftirlit með.

5. gr.

Skilyrði fyrir veitingu leyfis

1. Eingöngu er heimilt að veita leyfi til að nota fræ eða útsæðiskartöflur, sem eru ekki framleiddar samkvæmt lífrænu framleiðsluáðferðinni, í eftirfarandi tilvikum:

- a) ef ekkert yrki af þeim tegundum sem notandi vill fá er skráð í gagnagrunninn sem kveðið er á um í 6. gr.,
- b) ef enginn birgir getur útvegað fræið eða útsæðiskartöflurnar fyrir sáningu eða gróðursetningu þrátt fyrir að notandinn hafi pantað fræið eða útsæðiskartöflurnar í tæka tíð,
- c) ef yrkið sem notandi vill fá er ekki skráð í gagnagrunninn og ef notandi getur fært sönnur á að ekkert annað skráð yrki sömu tegundar geti komið í staðinn og að leyfið skipti því miklu máli fyrir framleiðslu hans,
- d) ef hægt er að réttlæta leyfið vegna notkunar í tengslum við rannsóknir, prófanir í litlum mæli á vettvangi eða vegna varðveislu á yrki með samþykki lögbærs yfirvalds í aðildarríki.

2. Leyfið skal veitt áður en til sáningar kemur.

3. Leyfið skal eingöngu veitt einstökum notendum eina árstíð í senn og yfirvaldið eða aðilinn sem ber ábyrgð á leyfisveitingunni skal skrá magn sæðis eða útsæðiskartaflna sem eru heimilaðar.

(¹) Sjá EÚB L 169, 10.7.2000, bls. 1.

4. Þrátt fyrir 3. mgr. er lögbærum yfirvöldum aðildarríkis heimilt að veita öllum notendum almennt leyfi fyrir

— tilteknar tegundir þegar og svo fremi skilyrðin sem mælt er fyrir um í a-lið 1. mgr. séu uppfyllt, eða

— tiltekin yrki þegar og svo fremi skilyrðin sem mælt er fyrir um í c-lið 1. mgr. séu uppfyllt.

Í gagnagrunninum skal vera skýr vísibending um slík leyfi.

5. Ekki er heimilt að veita leyfi nema á tímabilum sem hafa verið uppfærð í gagnagrunninum í samræmi við 3. mgr. 7. gr.

III. KAFLI

REGLUR UM SKRÁNINGU Á FRÆI EÐA ÚTSÆÐISKARTÖFLUM SEM ERU FRAMLEIDDAR MED LÍFRÆNU FRAMLEIÐSLUAÐFERÐINI

6. gr.

Gagnagrunnur

1. Hvert aðildarríki skal sjá til þess að tölvuvæddum gagnagrunni sé komið á fót til að skrá yrki fræja eða útsæðiskartafna, sem eru framleiddar samkvæmt lífrænu framleiðsluaðferðinni, sbr. 2. mgr. 6. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91, og fást á yfirráðasvæði þess.

2. Annaðhvort lögbært yfirvald aðildarríkis eða yfirvald eða aðili, sem aðildarríki tilnefni í þessu skyni, hér á eftir nefndur „stjórnandi gagnagrunnsins“ skal hafa umsjón með gagnagrunninum. Aðildarríkjum er einnig heimilt að tilnefna yfirvald eða einkaaðila í öðru landi.

3. Hvert aðildarríki skal tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjum hvaða yfirvald eða einkaaðila það hefur tilnefnt til að stjórna gagnagrunninum.

7. gr.

Skráning

1. Yrki þar sem til eru fræ eða útsæðiskartöflur, sem eru framleiddar samkvæmt lífrænu framleiðsluaðferðinni, skulu skráð í gagnagrunninn að beiðni birgis.

2. Yrki sem ekki hefur verið skráð í gagnagrunninn telst ófáanlegt að því er varðar beitingu 5. gr. þessarar reglugerðar.

3. Hvert aðildarríki skal ákveða á hvaða tíma árs skuli uppfæra gagnagrunninn reglulega fyrir hverja tegund eða tegundahóp sem er ræktaður á yfirráðasvæði þess. Þessar upplýsingar skulu skráðar í gagnagrunninn.

8. gr.

Skilyrði fyrir skráningu

1. Til að fá skráningu verður birgirinn að geta:

a) fært sönnur á að hann eða síðasti rekstraraðili, í þeim tilvikum þegar birgirinn er eingöngu að versla með fræ eða útsæðiskartöflur í tilbúnum pakkningum, hafi heyrt undir það eftirlitskerfi sem um getur í 9. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91,

b) fært sönnur á að fræið eða útsæðiskartöflurnar sem á að setja á markað uppfylli almennu kröfum um fræ og plöntufjölgunarefni,

c) reitt fram allar tilskildar upplýsingar skv. 9. gr. þessarar reglugerðar og skuldbundið sig til að uppfæra þessar upplýsingar að beiðni stjórnanda gagnagrunnsins eða hvenær sem þörf er á slíkri uppfærslu til að tryggja áfram áreiðanlegar upplýsingar.

2. Stjórnanda gagnagrunnsins er heimilt með samþykki lögbærs yfirvalds aðildarríkis að hafna umsókn birgis um skráningu eða eyða skráningu sem þegar hefur verið samþykkt ef birgirinn uppfyllir ekki kröfum sem settar eru fram í 1. mgr.

9. gr.

Skráðar upplýsingar

1. Gagnagrunnurinn skal innihalda a.m.k. eftirfarandi upplýsingar fyrir hvert skráð yrki og fyrir hvern birgi,

a) vísindaheiti tegundarinnar og nafngift yrkisins,

b) nafn og aðrar upplýsingar um birgi eða fulltrúa hans svo unnt sé að hafa samband við hann,

c) svæðið þar sem birgirinn getur útvegað notanda fræ eða útsæðiskartöflur á venjulegum tíma þegar þörf er á afgreiðslu,

d) land eða svæði þar sem yrkið er prófað og samþykkt vegna sameiginlegru skrárinnar yfir yrki nytjaplantna í landbúnaði og grænmetistegundir,

e) hvenær fræin eða útsæðiskartöflurnar verða fáanlegar,

f) nafn og/eða kenninúmer eftirlitsyfirvalds eða –aðila sem annast eftirlit með rekstraraðilum, eins og um getur í 9. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91.

2. Birgirinn skal þegar í stað upplýsa stjórnanda gagnagrunnsins ef einhver skráð yrki eru ekki lengur fáanleg. Breytingarnar skulu skráðar í gagnagrunninn.

3. Auk upplýsinganna sem tilgreindar eru í 1. mgr. skal gagnagrunnurinn innihalda skrá yfir tegundir sem taldar eru upp í viðaukanum.

10. gr.

Aðgangur að upplýsingum

1. Þeir sem nota fræ og útsæðiskartöflur, sem og almenningur, skulu hafa ókeypis aðgang að upplýsingunum í gagnagrunninum um Netid. Aðildarríkin geta ákveðið að notendur sem eru skráðir skv. a-lið 1. mgr. 8. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91 fái, óski þeir þess, útdrátt úr gögnum sem varða einn tegundahóp eða fleiri frá stjórnanda gagnagrunnsins.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að allir notendur sem eru skráðir skv. a-lið 1. mgr. 8. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91 fái upplýsingar, a.m.k. einu sinni á ári, um kerfið og hvernig nalgast megi upplýsingar úr gagnagrunninum.

11. gr.

Skráningargjald

Heimilt er að krefjast gjalds fyrir hverja skráningu sem samsvarar kostnaði við að setja inn upplýsingar og viðhalda þeim í gagnagrunninum. Lögbær yfirvöld aðildarríkis skulu samþykkja upphæð gjaldsins sem stjórnandi gagnagrunnsins fer fram á.

IV. KAFLI

SKÝRSLA OG LOKAÁKVÆÐI

12. gr.

Ársskýrsla

1. Yfirvöld eða aðilar sem tilnefndir eru til að veita leyfi í samræmi við 4. gr. skulu skrá öll leyfi og koma þessum upplýsingum á framfæri í skýrslu til lögbærs yfirvalds í aðildarríkinu og stjórnanda gagnagrunnsins.

Í skýrslunni skulu koma fram eftirfarandi upplýsingar fyrir hverja tegund sem leyfi þarf fyrir skv. 1. mgr. 5. gr.:

- visindaheiti tegundarinnar og nafngift yrkisins,
- rökstuðningur fyrir leyfi sem tilgreindur er með tilvísun í a-, b-, c-, eða d-lið í 1. mgr. 5. gr.,
- heildarfjöldi leyfa,

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. ágúst 2003.

- heildarmagn fræs eða útsæðiskartafna sem um ræðir,
- efnameðhöndlun með tilliti til plöntuheilbrigðis, eins og um getur í a-lið 3. gr.

2. Að því er varðar leyfi skv. 4. mgr. 5. gr. skal skýrslan hafa að geyma upplýsingarnar sem um getur í a-lið 1. mgr. og tilgreina hversu lengi leyfin voru í gildi.

13. gr.

Yfirlitsskýrsla

Lögbær yfirvöld aðildarríkis skulu fyrir 31. mars ár hvert safna saman skýrslum og senda yfirlitsskýrslu, sem tekur til allra leyfa aðildarríkjanna frá fyrra almanaksári, til framkvæmdastjórnarinnar og hinna aðildarríkjanna. Skýrslan skal taka til upplýsinganna sem tilgreindar eru í 12. gr. Upplýsingarnar skulu birtar í gagnagrunninum. Lögbær yfirvöld geta falið stjórnanda gagnagrunnsins það verkefni að safna saman skýrslunum.

14. gr.

Upplýsingar samkvæmt beiðni

Að beiðni aðildarríkis eða framkvæmdastjórnarinnar skulu hin aðildarríkin eða framkvæmdastjórnin fá aðgang að nánari upplýsingum um leyfi sem veitt eru í einstökum tilvikum.

15. gr.

Endurskoðun

Fyrir 31. júlí 2006 mun framkvæmdastjórnin rannsaka framboð og notkun á fræi og plöntufjölgunarefni sem eru framleidd samkvæmt lífrænu framleiðsluáðferðinni og skilvirka framkvæmd þessarar reglugerðar og ef nauðsyn krefur gera nauðsynlegar breytingar.

16. gr.

Gildistaka og beiting

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá 1. janúar 2004.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz FISCHLER

framkvæmdastjóri.

Nr. 951

24. september 2008

VIÐAUKI

Sam stendur er framkvæmdastjórnin að skoða þessi mál með aðildarríkjunum til að taka saman skrá yfir tegundir sem fella á inn í viðaukann í samræmi við álit nefndarinnar sem komið er á fót í samræmi við 14. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91.

Fylgiskjal II.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1851/2006**

frá 14. desember 2006

um breytingu á I. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 að því er varðar notkun hefðbundins fôðurs á tímabilum þegar farið er milli bithaga

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,
með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 frá 24. júní 1991 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum⁽¹⁾, einkum öðrum undirlíð 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Reglur um lífræna framleiðslu á búfé, sem mælt er fyrir um í B-hluta I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91 þar sem fram koma reglur varðandi fôðrun, verða að gilda allt æviskeið dýranna
- 2) Ein af meginreglunum í lífrænum búskap er að mikil áhersla er lögð á beit.
- 3) Í sumum aðildarríkjanna eru notaðir bithagar á lífrænt ræktuðu landi ásamt hefðbundnu beitarkerfi með farbeitarbúskap. Þegar dýr, sem fylgja farbeitarbúskap, fara sjálf milli bithaga koma þau til með að fara gegnum venjulega haga og bita þar, bæði á leiðinni inn á og út af svæðum þar sem farbeitarhagarnir eru og milli mismunandi farbeitarhaga.
- 4) Þörf er á að tryggja að farbeitarbúskapur geti haldið áfram að því er varðar lífrænt alið búfé þrátt fyrir að dýrin éti tiltekið magn af venjulegu gröffôðri.

5) Því ber að breyta reglugerð (EBE) nr. 2092/91 til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 14. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi liður 4.10 bætist við í B-hluta I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91:

„4.10. Þrátt fyrir lið 4.13 mega farbeitardýr bita í venjulegum högum á tímabilum þegar þau eru færð frá einu beitalandi yfir á annað. Inntaka hefðbundins fôðurs í formi grass og annars gróðurs, sem dýrin bita á þessu tímabili, skal ekki fara yfir 10% af heildarlutfalli fôðurs á ári. Þessa tölu skal reikna sem hundraðshluta af þurrefni fôðurs sem er framleitt úr landbúnaðarafurðum.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. desember 2006.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Mariann FISCHER BOEL

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 198, 22.7.1991, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 780/2006 (Stjtið. ESB L 137, 25.5.2006, bls. 9).

Fylgiskjal III.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 394/2007**

frá 12. apríl 2007

um breytingu á I. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 frá 24. júní 1991 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum ⁽¹⁾, einkum öðrum undirlið 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt meginreglunum um lífræna framleiðslu á býlum, sem mælt er fyrir um í I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91, skal búfé alið á lífrænt framleiddu fódri. Þó má takmarkaður hluti af fódri í fódurskömmunum vera fódur í aðlögun, eins og það er skilgreint í 24. lið 4. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91.
- 2) Framleiðendur í tilteknum aðildarríkjum standa nú frammi fyrir skorti á lífrænu fódri vegna þess að lífræn uppskera hefur verið undir meðallagi, lagakröfur varðandi lífrænan uppruna fódurs verið hertar og markaður fyrir lífrænar afurðir stækkað. Til þess að draga úr umræddum skorti er talið rétt að kveða á um, í takmarkaðan tíma, aukningu á hlutfalli þess fódurs í aðlögun sem má vera í fódurskammtinum.

3) Tímabundin aukning á leyfðu hlutfalli fódurs í aðlögun mun einnig tryggja framtíðarbirgðir af lífrænu fódri og verða hvatning fyrir bændur til þess að breyta yfir í lífræna ræktun með því að bæta markað fyrir fódur í aðlögun.

4) Því ber að breyta reglugerð (EBE) nr. 2092/91 til samræmis við það.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 14. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. apríl 2007.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Mariann FISCHER BOEL

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Stjóð. EB L 198, 22.7.1991, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1997/2006 (Stjóð. ESB L 379, 28.12.2006, bls. 1).

VIÐAUKI

Í stað liðar 4.4 í B-hluta I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91 komi eftirfarandi:

„4.4. Fram til 31. desember 2008 má að meðaltali allt að 50% af fôðrinu í fôðurskômmunum vera fôður í aðlögun. Ef fôðrið sem er í aðlögun kemur frá einingu sem er hluti af bújörðinni sjálfri má auka þetta hlutfall í 80%.

Frá og með 1. janúar 2009 má að meðaltali allt að 30% af fôðrinu í fôðurskômmunum vera fôður í aðlögun. Ef fôðrið sem er í aðlögun kemur frá einingu sem er hluti af bújörðinni sjálfri má auka þetta hlutfall í 60%.

Þessar tölur skal gefa upp sem hundraðshluta af þurrefni fôðurs sem er framleitt úr landbúnaðarafurðum.“

B-deild – Útgáfud.: 15. október 2008